



Landssamband æskulýðsfélaga

12. fundur stjórnar 2009 – 2010

Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 10:30

17. mars 2010

Mættir: Sindri Snær Einarsson (SSE), Björn Guðmundsson (BG) og Auður Geirsdóttir (AuG). Au.k þess sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn. Forföll boðuðu Unnur Hjálmarsdóttir (UH) og Raket Brynjólfsdóttir (RB).

Fundur settur: 11:30

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

BG var boðin velkomin í stjórn og fram fór stutt kynning á stjórnarmönnum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

- HTF sagði frá því að kynning á Nordbuk styrkjunum verður fimmtdaginn 18. mars n.k. klukkan 12:00 í Hinu húsinu.
- HTF sagði frá því að hún hefði fundað með Arndísi Ósk Jónsdóttur ráðgjafa um að halda námskeið í skilvirku hópastarfi fyrir LÆF. Ákveðið að námskeiðið yrði miðvikudaginn 14. apríl milli 17:00 og 21:00.
- HTF sagði frá því að hún hefði skrifað greinar í fréttablöð Urkí og Síne um LÆF. Hugmyndin er að LÆF skrifi grein í öll fréttablöð Síne og Urkí er áhugasamt um fleiri greinar frá LÆF í sitt blað.
- HTF sagði frá því að upp væru komnar leiðbeiningar fyrir kaffivélina.
- HTF sagði frá því að hún hefði leitað upplýsinga um ungmennaráð á höfuðborgarsvæðinu í undirbúningi fyrir opin dag. Hún sagði frá því að í framhaldinu hefði hún byrjað að hringja í öll sveitafélög á landinu til að kanna hvort starfandi væru ungmennaráð. Ákveðið að HTF haldi áfram að hringja út í sveitafélögin og í framhaldinu muni LÆF senda þeim sveitafélögum sem ekki hafa ungmennaráð bréf.
- HTF lagði fram fundargerð fulltrúaráðsfundar til upplýsinga.
- HTF lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir Lifandi bókasafn og grunn að námskeiði. Auk þess sagði hún frá því að hún hefði kannað hjá systurfélögum okkar á Norðurlöndum hvað þau hefði gert í Lifandi bókasafni og biði nú eftir upplýsingum frá Finnlandi og Noregi en þar hefði mikið verið unnið í þessu.
- HTF sagði frá því hvernig stjórnarmenn gætu áframsent youth póstin sinn.

3. Frá æskulýðsráði

SSE sagði að ekkert nýtt væri að fréttu úr Æskulýðsráði en fundur væri á döfinni í vikunni.

4. Norræn ráðstefna um ungt fólk

HTF sagði frá næstu skrefum varðandi Norræna ráðstefnu á vegum Menntamálaráðuneytis sem haldin verður í vor í Reykjavík. LÆF mun gefa ráðuneytinu tengiliðalista sinn á Norðulöndunum og aðstoða við að koma ráðstefnunni á framfæri við ungt fólk.

5. Skilgreining á æsku og æskulýðsfélagi

HTF lagi til að LÆF leitaði eftir hugmyndum um skilgreiningu á æsku og æskulýðsfélögum til aðildarfélaga okkar og jafnvel út fyrir það til að geta unnið skilgreiningar fyrir sambandsþing í vor. Það var samþykkt og HTF falið að vinna að þessu.

6. Sambandsþing 2010

Lagt var til að þingið yrði haldið þriðjudaginn 18. maí n.k. milli klukkan 18:00 og 21:00. Það var samþykkt.

7. Alþjóðastarf

- a. SSE spurði hvað væri að fréttu af Youth eventinu á Spáni. HTF svarði að ekkert hefði heyrst enn en hún skyldi kanna málið.
- b. HTF sagði frá því að BG og HTF hefðu sótt um að fara á EU-China youth leader summit í maí. Enginn svör hafa borist enn hvort þau fá að fara með.
- c. HTF sagði frá því að Aliannssi og ENL hefðu ekki fengið styrkt frá Nordbuk til að halda NBCM sem fyrirhugaður er í apríl Þetta setur þátttöku LÆF í fundinum í uppnám.
- d. SSE sagði frá stöðunni á YIE verkefninu. Rætt var undir þessum lið um starfsnemastöður og hvað LÆF vildi gera í því. Ákveðið að HTF kannaði hvað væri að gerast í þeim málum hér á landi.

8. Bréf og önnur skjöl sem þarfnast afgreiðslu

Enginn skjöl sem þarfnast afgreiðslu.

9. Önnur mál

- a. SSE sagði frá fundi sem hann og UH sótt um með hópstjórnnum verkefnahópa Sóknaráætlunar 20/20. Á fundinum var rætt um aðkomu ungs fólks að hópunum. Niðurstaðan var sú að formaður verkefnahóps um menntamál hafi samband við nemendafélög og stýrihópur Sóknaráætlunarinnar ætli að kanna möguleika á að halda skuggafund ungs fólks. Einnig var ræddu SSE og UH um heildarstefnu í æskulýðsmálum við fundarmenn.
- b. HTF sagði frá því að hún ætlaði að vera í fríi í dimbilvikunni.
- c. AuG spurði um stöðuna á opnum degi og var farið yfir það.
- d. Ákveðið var að halda næsta fund mánudaginn 29.mars n.k. kl. 11:00.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 12:25.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri